

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

867. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 27. apríl 2015 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Elín Jóna Rósinberg, aðalmaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, aðalmaður, Elín R. Líndal, aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir

Afgreiðslur:

1. **Rekstrarstjóri er mættur til fundar við byggðarráð.** Farið yfir helstu verkefni sem unnið hefur verið við og þau verk sem framundan eru. Verið er að leggja lokahönd á byggingu rennibrautar í sundlaug, framundan er uppsetning eftirlitsbúnaður vegna hitaveitu í dæluhúsi, vinna við vatnsveitu á Laugarbakka ofl.
2. **1504054 Fundarboð Grettistaks ses.**
Lagt fram aðalfundarboð Grettistaks ses sem haldinn verður þriðjudaginn 5. maí nk. kl 20:00 á Sveitasetrinu Gauksmýri. Jafnframt verða haldnir aðalfundir tengdra félaga, Grettiseigna ehf. og Grettisbóls ehf.
Samþykkt að sveitarstjóri verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum og oddviti til vara.
3. **1504077 Fundargerð Hafnasambands Íslands.**
Lögð fram til kynningar fundargerð 374. fundar Hafnasambands Íslands frá 10. apríl sl.
4. **1504076. Fundargerð Róta bs.**
Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Róta bs. frá 31. mars sl.
5. **1504075 Hitaveituframkvæmdir 2015, útboð.**
Lögð fram fundargerð frá opnun tilboða í verkið „Húnaþing vestra hitaveita 2015, vinnutilboð“
Eftirfarandi tilboð bárust:
Ólafur Jónsson kr. 187.524.760
Vinnuvélar Símonar ehf. kr. 128.259.670
Jarðlagnir ehf. kr. 167.321.430
Lægsta tilboð er 20,4 milljónum kr. lægra en kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir í þessa liði.

Byggðarráð samþykkir að ganga að lágsta tilboðinu, sem er frá Vinnuvélum Símonar ehf. og felur sveitarstjóra að undirrita samning um verkið.

6. 1504080 Samningur um dreifnám.

Lagður fram samningur Húnaþings vestra við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra um dreifnám í Húnaþingi vestra. Samningurinn gildir til ársloka árið 2019. Byggðarráð samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra undirritun hans.

7. Málafni byggingafulltrúa.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu mála.

8. 1504073 Bréf Ungmennaráðs.

Lagt fram bréf ungmennaráðs dags. 21. apríl, þar sem þau óska eftir að fá að ráðstafa allt að kr. 150.000 af ráðstöfunarfé ungmennaráðs 2015 til, annars vegar heimsóknar dr. Bæk á vegum hjólafærni og hins vegar til kynningar á sæludögum. Byggðarráð samþykkir erindið.

9. 1504079 Erindi frá íþróttá- og tómstundafulltrúa.

Lagt fram erindi frá íþróttá- og tómstundafulltrúa dags. 22. apríl sl. beiðni um tímabundið aukið stöðugildi við gæslu í sundlaug. Með tilkomu rennibrautar er nauðsynlegt að hafa tvo starfsmenn á vakt allan opnunartíma sundlaugarinnar. Fyrir liggur bréf sviðsstjóra fjölskyldusviðs, þar sem mælt er með að erindið verði samþykkt. Byggðarráð samþykkir erindið og felur sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs að gera viðauka við fjárhagsáætlun og leggja fyrir sveitarstjórn.

Samþykkt að taka á dagskrá.

10. Lagt fram erindi Selaseturs Íslands dags. 24. apríl sl. Óskað er eftir leyfi sveitarstjórnar til að setja svæði við Byggðasafnið að Reykjum inn á kort yfir vænlega staði til fuglaskoðunar. Byggðarráð samþykkir erindið. Unnur Valborg Hilmarsdóttir vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar.

11. Lagt fram afrit bréfs Heilbrigðisstofnunar vesturlands til Velferðarráðuneytisins um skipan fulltrúa í ráðgjafanefnd um heilbrigðisþjónustu. Byggðarráð tekur undir erindi HVE og felur sveitarstjóra að koma því á framfæri við heilbrigðisráðherra.

12. Rætt um förgun dýrahreja. Sveitarstjóra falið að senda fyrirspurn til MAST vegna málsins.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:29

Elín Jóna Rósinberg

Elín R. Líndal

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Guðný Hrund Karlsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir